

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 22. júní 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólsgrötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Gestir fundarins á vegum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga voru Eiríkur Benónýsson og Þórir Ólafsson.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 28. MAÍ 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar frá 28. maí sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Sameining Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness

Framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu

Í kjölfar sameiningar Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness 1. janúar 2013 samþykkti ráðherra tillögu ráðgjafarnefndar um úthlutun framlags til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi, samtals að fjárhæð 46,0 m.kr. á grundvelli f. liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu. Lagt var til að framlagið kæmi til greiðslu á þremur árum, 16,0 m.kr. á árinu 2013 og 15,0 m.kr. á árunum 2014 og 2015.

Á fundinum var lagt fram til kynningar bréf Garðabæjar, dags. 8. júní 2015, þar sem fram kemur að áfallinn kostnaður við endurskipulagninguna á árinu 2015 nemi nú þegar 17,2 m.kr. og er því orðinn 2,2 m.kr. hærri en framlag ársins.

Árleg framlög vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi koma til greiðslu í tvennu lagi, í júní og í desember að fenginni greinargerð um framgang áforma þar að lútandi á árinu.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til greiðslu nú kæmu 7,5 m.kr. Framlagið væri síðan tekið til endurskoðunar í desember og uppgjör fara fram að fenginni lokaskýrslu frá sveitarfélaginu um endurskipulagninguna og kostnað henni samfara.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjörður – Borgarbyggð – Stykkishólmur

Lögð voru fram til umfjöllunar erindi frá eftirtöldum sveitarfélögum sem óskað hafa eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhagslegum úttektum á rekstri sveitarfélaganna á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 .

- Hafnarfjarðarkaupstaður, bréf dags. 23. mars 2015. Umsókn sveitarfélagsins var hafnað á síðasta ári á grundvelli umsagnar Eftirlitsnefndarinnar. Sveitarfélagið á nú aftur í samskiptum við Eftirlitsnefndina vegna vaxandi erfiðleika og hefur ráðgjafarnefndin því tekið beiðni sveitarfélagsins á ný til umfjöllunar
- Borgarbyggð, erindi dags. 31. maí 2015. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur þegar verið ritað bréf, sem dags. er 13. júní 2015, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um beiðni sveitarfélagsins.
- Stykkishólmsbær, erindi dags. 27. apríl 2015. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur þegar verið ritað bréf, sem dags. er 19. maí 2015, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um beiðni sveitarfélagsins.

Fulltrúar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga mæta á fundinn

Að tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins voru Þórir Ólafsson, formaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og Eiríkur Benónýsson starfsmaður nefndarinnar mættir á fundinn.

Fulltrúar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga komu inn á fjárhagslega stöðu framangreindra sveitarfélaga og gerðu síðan almennt grein fyrir stöðu og horfum í fjármálum sveitarfélaga. Í máli þeirra kom m.a. fram:

Í heildina mætti segja að gjöld væru að aukast meira en tekjur sveitarfélaga. Á síðasta ári hækkuðu tekjur um 4-5% en gjöldin hækkuðu á sama tíma um 11-12% þannig að afkomubati sveitarfélaganna var ekki eins góður og verið hefur undanfarin ár. Veltufé frá rekstri væri minna og tækifæri til fjárfestinga því lakari.

Skuldahlutfall sveitarfélaga hefði haldist nokkuð óbreytt milli ára. Flest þeirra 13 sveitarfélaga sem hefðu skuldahlutfall yfir viðmiðunarmörkum, þ.e. 150% skuldir af heildartekjum, væru að vinna eftir aðlögunaráætlun í samræmi við sveitarstjórnarlög. Komi upp frávik frá aðlögunaráætluninni sendir Eftirlitsnefndin fyrirspurn og óskar eftir upplýsingum um ástæður. Sveitarfélag í aðlögunaráætlun er ekki heimilt að breyta henni án samþykkis Eftirlitsnefndarinnar.

Fram kom hjá fulltrúum Eftirlitsnefndarinnar að stefnt væri að því að nefndin skilaði umsögnum sínum um erindi framangreindra sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs á næstunni og mun ráðgjafarnefndin þá taka erindin á ný til umfjöllunar og afgreiðslu.

VATNSVEITUFAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM 2015

Bændasamtök Íslands – Áætlun um framkvæmdir 2015

Lagt var fram til kynningar bréf frá Bændasamtökum Íslands, dags. 9. júní 2015, ásamt yfirliti yfir áætlaðar vatnsveitufamkvæmdir á lögbýlum á árinu 2015 sem hlotið hafa samþykki Bændasamtakanna um úthlutun framlags á grundvelli reglugerðar nr. 973/2000. Alls er um að ræða framkvæmdir við 42 vatnsveitur og samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur 84,2 m.kr.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins að frádrögnum umsýslukostnaði Bændasamtakanna má ætla að kostnaðarþátttaka sjóðsins geti numið um 27,0% gangi framkvæmdirnar allar eftir. Hins vegar má telja það ólíklegt miðað við reynslu fyrri ára og því gæti kostnaðarþátttaka sjóðsins orðið hærri þegar úttektir Bændasamtakanna á framkvæmdum ársins liggja fyrir.

Framlög vegna framkvæmda á árinu 2015 koma til greiðslu í ársbyrjun 2016.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Framlög til landshlutasamtaka vegna samstarfsverkefna er tengjast sóknaráætlun

Úthlutunarreglur

Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 8. september 2014 eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árinu 2015 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um. Verkefni tengjast sóknaráætlun landshluta og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna. Framlögum hefur verið úthlutað á grundvelli sérstakra verkefna, skv. f. lið 7. gr., sbr. 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010:

Á árunum 2012 til 2014 voru úthlutunarreglur eftirfarandi:

- 6,0 m.kr. var dreift á grundvelli stærðar svæðis.
- 7,0 m.kr. var dreift á grundvelli vegalengda til Reykjavíkur.
- 12,0 m.kr. var dreift á grundvelli verkefnavinnu.

Ný ráðgjafarnefnd hafði samþykkt á fundi sínum 8. apríl sl. að leggja til að ákvörðun fráfarandi ráðgjafarnefndar frá 8. september 2014 væri samþykkt og lagði til að úthlutunarreglur yrðu þær sömu í ár og undanfarin ár, sbr. hér að framan. Samþykkt framlag yrði greitt með tveimur greiðslum og tæki fyrri greiðslan mið af 1,5 m.kr. vegna verkefnavinnu.

Innkomnar greinargerðir

Með bréfi til landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 1. júní 2015, var óskað eftir stuttri greinargerð frá samtökunum um framkvæmd þeirra verkefna, sem unnið væri að á árinu 2015, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun þar að lútandi. Greinargerðir höfðu borist frá eftirtöldum samtökum og voru þær lagðar fram á fundinum:

- Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.
- Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.
- Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fram færi fyrri greiðsla framlagsins til þeirra landshlutasamtaka sveitarfélaga er hefðu skilað umbeðinni greinargerð.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

ENDURSKOÐUN FRAMLAGA VEGNA ÁRSINS

Á fundi ráðgjafarnefndar 28. maí sl. var gerð grein fyrir endurmati á árinu 2014 á stuðningsþörf þeirra einstaklinga sem metnir höfðu verið SIS mati á árunum 2010 og 2011. Við úrvinnslu matsins kom í ljós að mistök höfðu verið gerð við framkvæmd matsins á tilteknu svæði og var því ákveðið að endurtaka matið á tæplega 80 einstaklingum sem sýndu óeðlilega mikil frávik frá matinu á árinu 2010.

Að teknu tilliti til þessa hafði verið um ofgreiðslu framlaga að ræða til 4 þjónustusvæða/sveitarfélaga á árinu 2014 samtals að fjárhæð 54,9 m.kr. og framlag verið vangreitt til 11 þjónustusvæða/sveitarfélaga sem sömu fjárhæð nemur.

VIÐBÓTARFRAMLAG ÚR FASTEIGNASJÓÐI JÖFNUNARSJÓÐS

Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2015 vegna endurmats 2014

Lagt var fram til kynningar á fundinum bréf til ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 3. júní 2015, þar sem leitað er eftir mögulegu viðbótarframlagi úr sjóðnum að fjárhæð allt að 80 – 100 m.kr. svo hægt væri að einhverju leyti að koma til móts við íþyngjandi kostnað þjónustusvæða/sveitarfélaga vegna niðurstöðu endurmatsins á árinu 2014.

Jafnframt var á fundinum gerð grein fyrir svári ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðsins, sbr. bréf dags. 18. júní 2015. Þar kemur m.a. fram að ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins hafi samþykkt að leggja til að beiðni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri tekin til greina og til úthlutunar kæmi viðbótarframlag að fjárhæð allt að 100 m.kr. vegna framangreindra mistaka við framkvæmd endurmats á stuðningsþörf einstaklinga sem metnir voru SIS mati á árinu 2010.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að leggja til að vangreidd framlög vegna ársins 2014 að fjárhæð 54,9 m.kr. væru innt af hendi sem fyrst til viðkomandi þjónustusvæða/sveitarfélaga og að 50% ofgreiðsla framlaga á árinu 2014 til þjónustusvæða/sveitarfélaga væri felld niður. Eftirstöðvar ofgreiðslunnar væru dregnar af framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til viðkomandi þjónustusvæðis/sveitarfélags að höfðu samráði við svæðið/sveitarfélagið.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Útgáfa reglugerðar vegna ársins 2015 - Athugasemdir

Lögð voru fram til kynningar drög, dags. 15. júní 2015, að reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 ásamt tölvupósti með athugasemdum við drögin sem einnig er dagsettur 15. júní 2015.

Meirihluti ráðgjafarnefndar samþykkti að leggja til að síðasti málsliður 2. málsgreinar í II. hluta 3. greinar draganna að reglugerðinni, er fjallar um heimild til að reikna tímabundið álag vegna búsetuúrræða, félli niður. Þá samþykkti nefndin að leggja til að b. liður í 3. málsgrein í II. hluta 3. greinar, er fjallar um 33% regluna væri óbreyttur á árinu 2015. Hvað 4. grein reglugerðarinnar varðar þá samþykkti meirihluti nefndarinnar nýtt ákvæði í drögunum er heimilar að við útreikning sérstakra viðbótarframlaga sé tekið tillit til þýngjandi kostnaðar þjónustusvæða vegna sérstakra aðstæðna svo sem vegna mikilla fjarlægða innan þjónustusvæðanna.

SIS MAT FYRIR BÖRN

Samningur við Greiningar- og ráðgjafarstöð

Lagðir voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að verksamningum við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna framkvæmdar á SIS mati.

Annars vegar er um að ræða verksamning sem gerður er með tilvísun til 7. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015, og nær til mats á stuðningsþörf á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins um framkvæmd SIS mats á börnum frá 6 – 18 ára aldurs. Einnig nær samningurinn til mats á einstaklingum vegna nýliðunar. Áætlaður fjöldi er samtals um 150 einstaklingar.

Hins vegar er um að ræða verksamning sem gerður er með tilvísun til 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002 með síðari breytingum og nær til SIS mats á 850 grunnskólabörnum á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar. Niðurstaða mats á grundvelli þessa samnings mun leysa gömlu vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins vegna sérþarfa fatlaðra nemenda af hólmi en þær hafa verið óbreyttar frá árinu 2002 og eru orðnar barn síns tíma.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að verksamningarnir við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins væru samþykktir.

BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS Á VESTFJÖRDUM

Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs að erfiðri fjárhagsstöðu Byggðasamlagsins

Ný ráðgjafarnefnd hefur að undanfögnu verið með til umfjöllunar erindi Byggðasamlagsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem dagsett er 20. janúar 2015 og fjallar um erfiða fjárhagslega stöðu Byggðasamlagsins sem m.a. væri tilkomin vegna lækkunar framlags á árinu 2014 úr 274,9 m.kr. í 260,8 m.kr. sé tekið tillit til niðurstöðu endurmats sem fram fór á árinu 2014, viðbótarframlags á árinu 2014 að fjárhæð 35,5 m.kr. og framlags vegna lengdrar viðveru að fjárhæð 0,7 m.kr.

Meginástæða lækkunarinnar er tilkomin vegna tveggja einstaklinga sem áður voru metnir á grundvelli raunkostnaðar en við 18 ára aldur er framlag vegna þeirra reiknað út á grundvelli SIS matsins sem lækkar framlagið til þeirra til muna.

Á fundinum var haldið áfram umræðu um fjárhagsvanda Byggðasamlagsins, farið var yfir samskipti Jöfnunarsjóðs og Byggðasamlagsins og lögð fram eftirfarandi bréf þar að lútandi:

- Bréf Byggðasamlags Vestfjarða til innanríkisráðuneytisins, dags. 21. maí 2015.
- Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Byggðasamlags Vestfjarða dags. 2. júní 2015.
- Bréf Byggðasamlags Vestfjarða til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 10. júní 2015.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar 28. maí sl. samþykkti nefndin að leggja til að óskað væri eftir greinargerð frá Byggðasamlaginu um þær hagræðingaraðgerðir sem mögulegt væri að ráðast í á svæðinu að mati fulltrúa Byggðasamlagsins ásamt upplýsingum um fjárhagslega skiptingu þess sem annars vegar fylgir almennum hluta málaflokksins og hins vegar sértæka hlutanum á árinu 2014.

Svar við beiðni ráðgjafarnefndar, dags. 10. júní 2015, var lagt fram á fundinum til umfjöllunar. Þar kom fram það mat Byggðasamlagsins að ekki væri hægt að ganga lengra í hagræðingu innan svæðisins án þess að stofna lífsgæðum og öryggi fatlaðs fólks í hættu. Byggðasamlagið taldi sig ekki geta orðið við beiðni ráðgjafarnefndar um greinargerð um þær hagræðingaraðgerðir, sem mögulegt væri að ráðast í áður en skýrsla frá R3-Ráðgjöf um úttekt á rekstri Byggðasamlagsins lægi fyrir.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að skuld Byggðasamlagsins 31.12.2014 að fjárhæð 29,2 m.kr. væri innheimt í tvennu lagi. Fyrri hlutinn í lok árs 2015 og seinni hlutinn í lok árs 2016, eða um 14,6 m.kr.

Nefndin samþykkti að leggja til að ítrekuð væru við Byggðasamlagið skil á greinargerð um mögulega hagræðingu í rekstri Byggðasamlagsins. Jafnframt samþykkti nefndin að leggja til að óskað væri eftir að fulltrúar frá R - 3 Ráðgjöf kæmu til fundar við nefndina vegna skýrslu um úttekt á rekstri Byggðasamlagsins.

ÖNNUR MÁL

Kynning á tillögum að breytingum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Bergur Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði, sem unnið hefur að framkvæmd tillagna um breytingar á sjóðnum, rakti fyrirhugaðar breytingar á úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með það að markmiði að auka gæði jöfnunar.

Unnið hefur verið að þessum breytingum frá árinu 2010 á grundvelli skýrslu og tillagna starfshóps sem endurskoðaði reikniverk sjóðsins á árunum 2009 og 2010. Í skýrslu starfshópsins liggur fyrir tillaga að reiknilíkani þó ekki sé um endanlega tillögu að ræða.

Við endurskoðunina hefur verið tekið mið af jöfnunarkerfi sem er við lýði í Noregi og það aðlagð að íslenskum aðstæðum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að þegar reiknilíkanið væri tilbúið færi fram kynning á mögulegum breytingum og samanburði á framlögum til sveitarfélaga. Jafnframt óskaði nefndin eftir því að ýmis gögn sem tilheyrðu endurskoðuninni og önnur gögn vegna starfa nefndarinnar væru vistuð á sérstöku svæði á netinu.

Næstu fundir

Ákveðið var að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði mánudaginn 29. júní kl. 15:00. Jafnframt var ákveðið að fundir ráðgjafarnefndar í september væru 11. september kl. 12:00 og 23. september kl. 10:00. Þann 23. september verður jafnframt Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður í VIII sinn.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:00.

Halldór V. Kristjánsson